



Örvun 0-3 mánaða barns

Hvatning

Vera saman, kynnast, njóta samverunnar.

Tala saman, kjá, hjúfra, strjúka.

Ekki tala ofan í hjal barnsins.

Hreyfing

Spríkla frjáls eftir bað eða við bleiuskipti.

Liggja stund og stund á grúfu, spreyta sig á að lyfta höfði og horfa í kringum sig.

Liggja í mismunandi stellingum fremur en að sitja í stól.

Höfuðið snúi ýmist til vinstri eða hægri.

Halda á barninu á mismunandi vegu.

Umhverfi

Órói, dökkir fletir á ljósum grunni (svart-hvítar myndir), andlit og hendur þess sem annast það.

Rómur, spiladós (ekki of nálægt eyra barnsins), lágvært ýludýr, létt hringla.



Leikur er liður í þroska barnsins

Hvert barn þroskast og vex á sínum hraða

Umhverfi og upplifun hefur mikil áhrif á þroska barnsins